



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Réttarfarsnefnd
Hr. formaður, Markús Sigurbjörnsson
Dómsmálaráðuneyti
Arnarhvoli
150 Reykjavík

12. desember 2002

Málefni: Endurskoðun laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála

Vegna endurskoðunar laga um meðferð opinberra mála telja Samtök atvinnulífsins ástæðu til að vekja athygli réttarfarsnefndar á eftirfarandi vanköntum að því er varðar húsleit í fyrirtækjum við rannsókn samkeppnismála.

Samkvæmt 40. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 skal farið að ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum við framkvæmd húsleitar samkeppnisstofnunar hjá fyrirtækjum. Að mati Samtaka atvinnulífsins eiga núgildandi reglur X. og XI. kafla laga um meðferð opinberra mála ekki alls kostar við í slíkum tilvikum þar sem um er að ræða aðgerðir sem lögregla hefur í reynd mjög takmarkaðar forsendur til að stjórna á þann hátt sem þar er gert ráð fyrir. Þessar reglur taka heldur ekki mið af aðstæðum í fyrirtækjum né er réttaröryggi fyrirtækja og starfsmanna þeirra nægjanlega tryggt. Engar reglur eru um umboð leitarinna né heldur eru skorður lagðar við haldlagningu frumgagna eða hvernig fara eigi með gögn sem eru óviðkomandi starfsemi samkeppnisyrvalda. Ekki heldur um hversu lengi gögnum er haldið, um tölvugögn, hvernig farið skuli með lögvernduð gögn, heimild til að kalla til lögmann og hverjir hafa heimild til að vera viðstaddir leit. Við framkvæmd slíkra vettvangsrannsókna er auk þess mjög mikilvægt að gætt sé meðalhófs og því ástæða til að áréttta það sérstaklega. Samtökin hafa því lagt til að settar verði skýrar reglur um framkvæmd húsleitar í samkeppnismálum að því er varðar leit og haldlagningu gagna þar sem m.a. verði kveðið á um heimildir til að taka gögn, ljósrit, skýrslur og tölvugögn, heimild til að kalla til lögmann og fleira. Sjá nánar meðfylgjandi skýrslu Samtaka atvinnulífsins, Samkeppnishæf samkeppnislög, einkanlega bls. 13.-15 og bls. 41-47.

Það er afstaða Samtaka atvinnulífsins að með tilliti til réttaröryggis og gagnsæis þurfi reglur af þessu tagi að vera lögfestar. Samtökin telja því nauðsynlegt að endurskoða reglur um haldlagningu og leit í lögum um meðferð opinberra mála með tilliti til ofangreinds.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur